

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Deiliskipulag Naustahverfis 1. áfangi, reitur 1 og 2, svæði norðan Tjarnarhóls.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 9. janúar 2007 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt ofangreint deiliskipulag. Deiliskipulagið nær til 12,1 ha svæðis og gerir ráð fyrir 83 íbúðum, þar af 48 íbúðum í fjölbýli og 35 íbúðum í sérbýli sem skiptast nánar niður á eftirfarandi veg: 16 í raðhúsum, 4 í parhúsum og 15 í einbýli. Jafnframt er gert ráð fyrir íþróttasvæði ásamt búningaaðstöðu/félagsheimili, útivistarsvæði og settjörn.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Deiliskipulag Naustahverfis 1. áfangi, reitur 28.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 9. janúar 2007 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt ofangreint deiliskipulag. Deiliskipulagið felst m.a. í að gert er ráð fyrir 23 einbýlishúsalóðum og einni raðhúsalóð fyrir fjórar íbúðir. Jafnframt er gert ráð fyrir göngustígum, leiksvæði, hljóðvörnum, hljóðskermami landmótun og höggmyndagarði.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Deiliskipulag íbúðarbyggðar við Vestursíðu.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 17. október 2006 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt ofangreint deiliskipulag. Deiliskipulagið felst í að gert er ráð fyrir 18 íbúðum með aðkomu um húsagötur frá Vestursíðu. 11 íbúðir eru í raðhúsum og 7 í einbýlishúsum. Hámarkshæð húsa er 5 m, hámarksnýtingarhlutfall er 0,4.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Deiliskipulag Kjalarsíðu 1.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 9. janúar 2007 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt ofangreint deiliskipulag. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að heimilt sé að reisa tvær byggingar að hámarki 4 hæðir, hámarksveggshæð verður 12,5 m. Gert er ráð fyrir að í húsunum verði 56 einstaklingsherbergi fyrir stúdenta og/eða 38 almennar íbúðir. Heimilt er að vera með verslun á neðstu hæð annars hússins. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,8. Gert er ráð fyrir einu bílastæði fyrir hvert einstaklingsherbergi, 1,5 fyrir hverja íbúð 50-80 m<sup>2</sup> og tvö stæði fyrir hverja íbúð stærri en 80 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Brekkuskóla, Skólastígur 4.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 9. janúar 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Í breytingunni felst að markaðir eru byggingarreitir fyrir tveggja hæða hús, líkamsræktarstöð, við norðurenda íþróttahallarinnar. Hámarksbyggingarmagn 1. hæðar verður 1.000 m<sup>2</sup> og hámarksbyggingarmagn 2. hæðar 1.500 m<sup>2</sup> en heildarstærð hússins verður ekki meiri en 2.000 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi í Mýrahverfi, Rauðamýri 13.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 16. ágúst 2006 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir bilgeymslu er færður til og er nú vestast á lóðinni en var áður austan megin. Jafnframt er afmarkaður byggingarreitur fyrir allt að 18 m<sup>2</sup> sólskála. Deiliskipulagsskilmálar eru óbreyttir varðandi bilgeymsluna.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi í Mýrahverfi, Rauðamýri 15.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 17. október 2006 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir bilgeymslu er færður til og er nú vestast á lóðinni en var áður austan megin. Deiliskipulagsskilmálar eru óbreyttir.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 5. febrúar 2007,*

**Pétur Bolli Jóhannesson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2007